

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2012/30/ESB

2013/EES/46/10

frá 25. október 2012

um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra

(endurútgáfa) (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. og g-lið 2. mgr. 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Annarri tilskipun ráðsins 77/91/EBE frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Þar sem til stendur að gera frekari breytingar er rétt að endurútgefa hana fyrir skýrleika sakir.

2) Samræmingin sem kveðið er á um í g-lið 2. mgr. 50. gr. sáttmálans og í almennu áætluninni um afnám hafta á staðfesturétti, sem hófst með fyrstu tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ⁽⁵⁾ er sérstaklega mikilvæg í tengslum við almenningshlutafélög, vegna þess að starfsemi þeirra er ráðandi í efnahagslífi aðildarríkjanna og nær oft út yfir landamæri þeirra.

3) Til að tryggja sömu lágmarksvernd fyrir hluthafa í almenningshlutafélögum og lánardrottna þeirra er samræming ákvæða í landslögum um stofnun þeirra, tilskilið hlutafé og um hækkun eða lækkun hlutafjár þeirra einkar mikilvæg.

4) Í Evrópusambandinu verða samþykktir eða stofnsamningur almenningshlutafélags að gera sérhverjum áhugasömum aðila kleift að kynna sér einstaka grundvallarþætti félagsins, þar með talda nákvæma samsetningu hlutafjár þess.

5) Ákvæði Sambandsins eru nauðsynleg til að viðhalda hlutafé, sem myndar tryggingu lánardrottna, einkum með því að banna lækkun þess með endurgjaldi til hluthafa ef hinir síðarnefndu eiga ekki tilkall til þess og með því að takmarka rétt félagsins til að eignast eigin hlutabréf.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 132, 3.5.2011, bls. 113.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2011 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 10. október 2012.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1. Athugasemd ritstjórnar: Titill tilskipunar nr. 77/91/ESB hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabon-sáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í aðra málsgrein 58. gr. sáttmálans.

⁽⁴⁾ Sjá A-hluta II. viðauka.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8.

- 7) Til að koma í veg fyrir að almenningshlutafélag noti annað félag sem það á meirihluta atkvæðisréttar í eða getur beitt ráðandi áhrifum á til að afla hlutabréfa með þessum hætti, án þess að hlíta takmörkunum sem settar eru í þessu tilliti, ætti að útvíkka fyrirkomulag um öflun félags á eigin hlutabréfum svo það taki til mikilvægustu og algengustu tilvika þar sem önnur slík félög afla hlutabréfa. Slíkt fyrirkomulag skal útvíkkað svo að það taki til áskriftar að hlutabréfum í almenningshlutafélögum.
- 8) Til að koma í veg fyrir að þessi tilskipun sé sniðgengin skal fyrirkomulagið sem um getur í 7. forsendu einnig gilda um félög sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila ⁽⁶⁾ og félög sem starfa á grundvelli laga þriðju landa og hafa sambærilegt rekstrarform að lögum.
- 9) Ef tengsl milli almenningshlutafélags og annars félags eins og um getur í 7. forsendu eru aðeins óbein virðist réttlæt看legt að milda ákvæði sem gilda þegar tengslin eru bein með því að kveða á um, sem lágmarksráðstöfun í því skyni að ná fram markmiðum þessarar tilskipunar, að fella niður atkvæðisrétt.
- 10) Enn fremur er réttlæt看legt að veita undanþágu ef atvinnustarfsemi er þannig í eðli sínu að ekki er hættá á að markmiðum þessarar tilskipunar verði ekki náð.
- 11) Nauðsynlegt er, með hliðsjón af markmiðum g-liðar 2. mgr. 50. gr. sáttmálans, að lög aðildarríkjanna um hækkun eða lækkun hlutafjár tryggi að farið sé að meginreglum um jöfn kjör hluthafa í sömu aðstöðu og um verndun lánardrottna sem eignast hafa kröfur áður en ákvörðun um lækkun er tekin og þær samræmdar.
- 12) Í þeim tilgangi að auka staðlaða vernd lánveitanda í öllum aðildarríkjunum skulu lánveitendur eiga kost á að
- hefja dóms- eða stjórnsýslumál, samkvæmt tilteknum skilyrðum, ef kröfur þeirra eru í húfi vegna lækkunar á hlutafé hlutafélags.
- 13) Til að koma í veg fyrir markaðssvik skulu aðildarríkin, við framkvæmd þessarar tilskipunar, taka tillit til ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ⁽⁷⁾, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerna ⁽⁸⁾ og tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar viðurkenndar markaðsvenjur, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við afleidd vöruskuldaskjöl, samningu innherjaskráa, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti ⁽⁹⁾.
- 14) Í ljósi dóms Evrópudómstólsins frá 6. maí 2008 í máli C-133/06 *Þingið gegn ráðinu* ⁽¹⁰⁾, er talið nauðsynlegt að endursemjja textann í 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 77/91/EBE til að fjarlægja gildandi afleiddan lagagrundvöll og til að kveða á um rannsókn og, ef þörf krefur, endurskoðun bæði Evrópuþingsins og ráðsins á fjárhæðinni sem um getur í 1. málsgrein þeirrar greinar.
- 15) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar frest þeirra til að leiða tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka, í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

1. Samræmingarráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu gilda um ákvæðin sem sett eru með lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um þær gerðir félaga sem taldar eru upp í I. viðauka.

Nafn hvers félags af þeim gerðum sem tilgreindar eru í I. viðauka skal fela í sér eða því fylgja lýsing, sem er frábrugðin þeirri sem krafist er af öðrum gerðum félaga.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11. Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunar nr. 2009/101/ESB hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í aðra málsgrein 48. gr. sáttmálans.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 33.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 70.

⁽¹⁰⁾ Dómasafn EB (e. ECR), 2008, bls. I-3189.

2. Aðildarríkin geta ákveðið að láta þessa tilskipun ekki gilda um fjárfestingarfélög með breytilegu hlutafé né samvinnufélög sem stofnuð eru sem ein gerð félaganna sem talin eru upp í I. viðauka. Að því marki sem þessi möguleiki er nýttur í lögum aðildarríkjanna skal þess krafist af slíkum félögum að þau noti orðin „fjárfestingarfélag með breytilegu hlutafé“ eða „samvinnufélag“ í öllum skjölum sem tilgreind eru í 5. gr. tilskipunar 2009/101/EB.

Í þessari tilskipun merkir hugtakið „fjárfestingarfélag með breytilegu hlutafé“ einungis þau félög sem:

- hafa það að meginmarkmiði að fjárfesta í ýmiss konar verðbréfum og hlutafé, landi eða öðrum eignum með það eitt í huga að dreifa áhættunni af fjárfestingu og að afla hluthöfum sínum fjárhagslegs ávinnings af umsýslu með eignir þeirra,
- bjóða almenningi áskrift að eigin hlutabréfum og
- gera ráð fyrir því í samþykktum sínum að innan marka hámarks- og lágmarkshlutfjár geti þau hvenær sem er gefið út, innleyst eða endurselt hlutabréf sín.

2. gr.

Samþykktir eða stofnsamningur félagsins skulu alltaf veita a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) gerð og heiti félagsins,
- b) tilgang félagsins,
- c) fjárhæð skráðs hlutfjár, hafi félagið ekkert samþykkt hlutafé,
- d) fjárhæð samþykkt hlutfjár, hafi félagið samþykkt hlutafé, ásamt fjárhæð skráðs hlutfjár þegar félagið er stofnað, eða fær leyfi til að hefja rekstur, og í hvert sinn er breyting verður á samþykktu hlutafé, með fyrirvara um e-lið 2. gr. tilskipunar 2009/101/EB,

e) reglur um fjölda og aðferðir við að skipa menn í stofnanir sem skulu koma fram fyrir hönd félagsins, að því er varðar þriðja aðila, þá sem annast stjórn félagsins, framkvæmdastjórn, aðra stjórnendur og eftirlitsmenn þess, svo og um skiptingu valds meðal þessara stofnana, að svo miklu leyti sem þær eru ekki ákvarðaðar með lögum,

f) gildistími félags nema í því tilviki að hann sé ótakmarkaður.

3. gr.

Eftirfarandi upplýsingar verða a.m.k. að koma fram annaðhvort í samþykktum félags eða stofnsamningi eða í aðskildu skjali sem gefið er út í samræmi við lagaákvæði aðildarríkjanna eins og um getur í 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB:

- a) skráð skrifstofa,
- b) nafnverð hlutabréfa, sem áskrift er fengin fyrir, og fjöldi þeirra minnst einu sinni á ári,
- c) fjöldi hlutabréfa sem áskrift er fengin fyrir án þess að nafnverð sé tiltekið, enda sé leyfilegt að gefa slík hlutabréf út samkvæmt landslögum,
- d) sérstök skilyrði fyrir takmörkunum á framsali hlutabréfa, ef einhver eru,
- e) upplýsingarnar sem um getur í b-, c- og d-lið að því er varðar hvern flokk um sig og þau réttindi sem hver flokkur hefur, ef um er að ræða fleiri en einn flokk hlutabréfa,
- f) hvort um er að ræða hlutabréf skráð á nafn eða handhafahlutabréf, þar sem landslög kveða á um báðar gerðir, og hvers kyns ákvæði um breytingu á slíkum hlutabréfum nema lög kveði á um hana,
- g) fjárhæð skráðs hlutfjár sem er að fullu greitt við stofnun félagsins eða þegar það hefur fengið leyfi til að hefja rekstur,
- h) nafnverð hlutabréfa eða, ef ekki er um að ræða nafnverð, fjöldi hlutabréfa sem gefin eru út gegn endurgjaldi í öðru formi en reiðufé, svo og form endurgjalds og nafn þess einstaklings sem innir af hendi endurgjaldið,

- i) deili á einstaklingum, lögpersónum, félögum eða fyrirtækjum sem hafa skrifað undir, eða í nafni hverra hefur verið skrifað undir, samþykktir eða stofnsamning, eða drög að þessum skjölum ef félagið var ekki stofnað á sama tíma,
- j) heildarfjárhæð, eða a.m.k. áætluð fjárhæð, alls kostnaðar sem félagið skal greiða eða færa má á reikning þess vegna stofnunar þess og, ef við á, áður en fyrirtækið fær leyfi til að hefja rekstur, og
- k) hvers kyns sérstök hlunnindi, sem veitt voru við stofnun félagsins eða fyrir veitingu starfsleyfis til handa þeim sem tekið hafa þátt í stofnun félagsins eða í aðgerðum sem leitt hafa til þess að það hefur fengið slíkt leyfi.

4. gr.

1. Ef lög aðildarríkis mæla fyrir um að félag megi ekki hefja rekstur án leyfis skulu þau einnig hafa að geyma ákvæði um ábyrgð á skuldum sem félagið hefur stofnað til eða stofnað hefur verið til í nafni félagsins á tímabilinu áður en slíkt leyfi er veitt eða því hafnað.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um skuldbindingar á grundvelli samninga sem félagið gerir með því skilyrði að það fái leyfi til að hefja rekstur.

5. gr.

1. Ef lög aðildarríkis áskilja að fleiri en einn félagsmaður standi að baki félagsstofnun skal sú staðreynd að öll hlutabréf eru í eign eins einstaklings eða að félagsmönnum hefur fækkað niður fyrir löglegan lágmarksfjölda eftir stofnun félagsins ekki leiða til þess félagið leysist sjálfkrafa upp.

2. Ef lög aðildarríkis leyfa, í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. mgr., að félagi sé slitið með dómsúrskurði skal dómari sá sem hefur lögsögu í málinu hafa heimild til að veita félaginu nægilegan tíma til að koma reglu á málefni sín.

3. Ef úrskurður um félagsslit fellur, eins og um getur í 2. mgr., skulu skuldaskil fara fram.

6. gr.

1. Til þess að hægt sé að stofna félag eða veita því leyfi til að hefja starfsemi skal áskilja í lögum aðildarríkjanna að loforð fáið fyrir lágmarksfjárhæð hlutafjár sem skal ekki vera lægri en 25 000 evrur.

2. Fimmta hvert ár skal Evrópuþingið og ráðið, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. og g-lið 2. mgr. 50. gr. sáttmálans, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, endurskoða fjárhæðina sem tilgreind eru í evrum í 1. mgr. í ljósi efnahagslegrar og peningalegrar þróunar í Sambandinu og í ljósi þeirrar tilhneigingar að leyfa aðeins stórum og meðalstórum fyrirtækjum að velja þær gerðir félaga sem taldar eru upp í I. viðauka.

7. gr.

Skráð hlutafé má aðeins samanstanda af eignum sem unnt er að meta til fjár. Þó getur samningur um að framkvæma verk eða veita þjónustu ekki talist hluti af þessum eignum.

8. gr.

Ekki má bjóða út hlutabréf á verði sem er lægra en nafnverð þeirra eða, ef ekki er getið um nafnverð, bókfært verð þeirra.

Þó geta aðildarríki leyft þeim, sem skuldbinda sig til að kaupa hlutabréf gegn eigin vinnuframlagi, að greiða lægra verð en sem nemur fullu verði hlutabréfanna sem þeir skrá sig fyrir þegar slík viðskipti fara fram.

9. gr.

Hlutabréf, sem gefin eru út gegn endurgjaldi, skulu greiddast upp við stofnun félags eða veitingu starfsleyfis á verði, sem er ekki lægra en 25% af nafnverði þeirra, eða af bókfærðu verði þeirra ef ekki er um að ræða nafnverð.

Þegar hlutabréf eru gefin út gegn endurgjaldi í öðru formi en reiðufé við stofnun félags eða veitingu starfsleyfis þarf þó að inna endurgjald að fullu af hendi innan fimm ára frá þeim tíma.

10. gr.

1. Einn eða fleiri óháðir sérfræðingar, sem skipaðir eru eða samþykktir af stjórnvöldum eða dómstólum, skulu gera skýrslu um allt endurgjald í öðru formi en reiðufé, fyrir stofnun félagsins eða veitingu starfsleyfis. Slíkir sérfræðingar geta verið einstaklingar og lögpersónur, félög eða fyrirtæki samkvæmt lögum hvers aðildarríkis.

2. Skýrsla sérfræðinganna, sem um getur í 1. mgr., á a.m.k. að geyma lýsingu á öllum eignum, sem endurgjaldið samanstendur af, ásamt þeim matsaðferðum sem notaðar eru til að ákveða verðmæti þeirra og skal greina frá því hvort niðurstöður um mat verðmæta sem fást með því að beita þessum aðferðum séu a.m.k. í samræmi við fjölda og nafnverð eða, ef ekki er um nafnverð að ræða, við bókfært verð og, eftir því sem við á, í samræmi við yfirverð þeirra hlutabréfa sem gefa á út sem endurgjald.

3. Birta skal skýrslu sérfræðinganna í samræmi við lög hvers aðildarríkjanna, samkvæmt 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB.

4. Aðildarríkin geta ákveðið að beita ekki þessari grein í því tilviki að 90% af nafnverði allra hlutabréfa eða, ef ekki er um nafnverð að ræða, af bókfærðu verði þeirra er gefið út á eitt eða fleiri félög til endurgjalds í öðru formi en reiðufé og ef eftirfarandi kröfum er fullnægt:

- a) að einstaklingarnir sem getið er í i-lið 3. gr. hafi komið sér saman um að sleppa skýrslu sérfræðinganna, að því er varðar félagið sem tekur við greiðslunni,
- b) að slíkt samkomulag hafi verið birt samkvæmt 3. mgr.,
- c) að félögin sem inna slíkt endurgjald af hendi hafi varasjóði, sem ekki má greiða úr samkvæmt lögum eða samþykktum, og jafngilda a.m.k. nafnverði eða, ef ekki er um að ræða nafnverð, bókfærðu verði hlutabréfanna sem gefin eru út gegn endurgjaldi í öðru formi en reiðufé,
- d) að félögin sem inna slíkt endurgjald af hendi ábyrgist skuldir viðtökufélags, sem nemur allt að þeirri fjárhæð sem tilgreind er í c-lið, og viðtökufélag hefur stofnað til frá því að hlutabréfin voru gefin út, gegn endurgjaldi í öðru formi en reiðufé, og þar til einu ári eftir birtingu ársreikninga félagsins fyrir það reikningsár þegar slíkt endurgjald var innt af hendi; bannað er að framselja þessi hlutabréf á þessu tímabili,

e) að ábyrgðin, sem getið er í d-lið, hafi verið birt samkvæmt 3. mgr., og

f) að félögin sem inna slíkt endurgjald af hendi leggi fjárhæð, sem er jafnhá þeirri fjárhæð sem tilgreind er í c-lið, í varasjóð sem ekki má greiða úr fyrr en þremur árum eftir birtingu ársreiknings viðtökufélagsins fyrir það reikningsár þegar endurgjald af þessu tagi var innt af hendi eða, ef nauðsyn krefur, fyrr en allar kröfur, sem snerta ábyrgð þá sem vísað er til í d-lið og lagðar eru fram á þessu tímabili, hafa verið gerðar upp.

5. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki þessari grein við stofnun nýs félags með samruna eða skiptingu ef tekin er saman skýrsla eins eða fleiri óháðra sérfræðinga um samrunaáætlun eða skiptingaráætlun.

Þegar aðildarríki ákveða að beita þessari grein, í þeim tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein, geta þau kveðið á um að sami sérfræðingur eða sömu sérfræðingar taki saman skýrsluna samkvæmt þessari grein og skýrslu eins eða fleiri óháðra sérfræðinga um áætlun um samruna eða skiptingu.

11. gr.

1. Aðildarríkin geta ákveðið að beita ekki 1., 2. og 3. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar ef framseljanleg verðbréf, eins og þau eru skilgreind í 18. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ⁽¹⁾, eða peningamarkaðsgerningar, eins og þeir eru skilgreindir í 19. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, eru, samkvæmt ákvörðun stjórnar eða framkvæmdastjórnar, lögð fram sem endurgjald í öðru en reiðufé og þessi verðbréf eða peningamarkaðsgerningar eru metin á vagnu meðalverði í viðskiptum með verðbréfin eða gerningana á einum eða fleiri skipulegum verðbréfamörkuðum, eins og þeir eru skilgreindir í 14. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, á nægilega löngu tímabili sem ákvarðast skal samkvæmt landslögum settum fyrir þann dag sem viðkomandi endurgjald í öðru en reiðufé er lagt fram.

Hafi sérstakar aðstæður sem myndu hafa í för með sér verulega breytingu á verðmæti eignarinnar þann dag sem hún er lögð fram, þ.m.t. markaðsaðstæður sem gera slík verðbréf eða peningamarkaðsgerninga illseljanleg, hins vegar haft áhrif á þetta verð, skal fara fram endurmat að frumkvæði og á ábyrgð stjórnar eða framkvæmdastjórnar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

Við þetta endurmat gilda 1., 2. og 3. mgr. 10. gr.

2. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki 1., 2. og 3. mgr. 10. gr. ef eignir, aðrar en framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eru, samkvæmt ákvörðun stjórnar eða framkvæmdastjórnar, lagðar fram sem endurgjald annað en reiðufé, ef viðurkenndur óháður sérfræðingur hefur metið þær á gangvirði og eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:

- a) að gangvirði sé ákvarðað eigi fyrr en sex mánuðum fyrir þann dag sem eignin er í raun lögð fram, og
- b) að matið hafi farið fram í samræmi við almennt viðurkennda matsstaðla og -reglur í aðildarríkinu sem eiga við um þá gerð eigna sem leggja á fram.

Komi upp nýjar, fullgildar aðstæður, sem hefðu í för með sér verulega breytingu á gangvirði eignarinnar þann dag sem eignin er í raun lögð fram, skal fara fram endurmat að frumkvæði og á ábyrgð stjórnar eða framkvæmdastjórnar.

Við þetta endurmat gilda 1., 2. og 3. mgr. 10. gr.

Fari slíkt endurmat ekki fram getur einn hluthafi eða fleiri, sem eiga samtals a.m.k. 5% af skráðu hlutfé félagsins þann dag sem ákvörðun um aukningu hlutfjár er tekin, krafist mats óháðs sérfræðings og gilda þá 1., 2. og 3. mgr. 10. gr.

Slíkir hluthafar geta lagt fram kröfu allt fram að þeim degi sem eignin er í raun lögð fram, að því tilskildu að á þeim degi, sem krafan er lögð fram, nemi hlutféð, sem viðkomandi hluthafar fara með, enn a.m.k. 5% af skráðu hlutfé félagsins eins og það var daginn sem ákvörðunin um hlutfjárukningu var tekin.

3. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki 1., 2. og 3. mgr. 10. gr. ef aðrar eignir en framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eru, samkvæmt ákvörðun stjórnar eða framkvæmdastjórnar, lagðar fram sem endurgjald annað en reiðufé og gangvirði þeirra má rekja til einstakrar eignar í lögboðnum reikningsskilum fyrra fjárhagsárs, að því tilskildu

að lögboðnu reikningsskilin hafi verið endurskoðuð í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila ⁽¹²⁾.

Annar til fimmti undirliður 2. mgr. þessarar greinar skulu gilda að breyttu breytanda.

12. gr.

1. Ef annað endurgjald en reiðufé, eins og um getur í 11. gr., er látið í té án skýrslu sérfræðinga, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 10. gr., skal, að viðbættum kröfunum sem fram koma í h-lið 3. gr. og innan eins mánaðar frá þeim degi sem eignin er í raun lögð fram, birta tilkynningu þar sem fram kemur:

- a) lýsing á viðkomandi endurgjaldi, sem er í öðru en reiðufé,
- b) verðmæti þess, hver hefur séð um matið og, ef við á, matsaðferðin,
- c) yfirlýsing um hvort tilgreint virði svari í það minnsta til fjölda, nafnverðs eða, ef nafnverð er ekki tiltekið, til bókfærðs verðs og, ef við á, yfirverðs á hlutabréfunum sem á að gefa út vegna slíks endurgjalds, og
- d) yfirlýsing um að engar nýjar, fullgildar aðstæður hafi komið upp að því er varðar upphaflega matið.

Birtingin skal fram fara á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB.

2. Ef leggja á fram annað endurgjald en reiðufé án skýrslu sérfræðinga, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 10. gr., í tengslum við aukningu hlutfjár, sem fara skal fram skv. 2. mgr. 29. gr., skal birta auglýsingu með dagsetningunni þegar ákvörðunin um aukninguna var tekin og birta upplýsingarnar, sem skráðar eru í 1. mgr. þessarar greinar, á þann hátt, sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis, í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB, áður en eignin, sem lögð er fram sem annað endurgjald en reiðufé, er afhent. Í því tilviki takmarkast tilkynningin skv. 1. mgr. þessarar greinar við yfirlýsingu um að engar nýjar, fullgildar aðstæður hafi komið upp frá því að fyrrgreind auglýsing var birt.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

3. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að fyrir hendi séu fullnægjandi verndarráðstafanir til að tryggja að málsmeðferðinni, sem fram kemur í 11. gr. og í þessari grein, sé fylgt ef lagt er fram annað endurgjald en reiðufé án skýrslu sérfræðinga sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 10. gr.

13. gr.

1. Ef félagið eignast einhverjar eignir, sem tilheyra einstaklingi, félagi eða fyrirtæki sem um getur í i-lið 3. gr. gegn endurgjaldi sem nemur ekki lægri fjárhæð en einum tíunda af skráðu hlutfé, áður en tiltekið lágmarkstímabil samkvæmt landslögum, sem eigi má vera skemmra en eitt ár, hefur liðið frá stofnun félagsins eða veitingu starfsleyfis, skal rannsaka kaupin og birta upplýsingar um þau á þann hátt sem greint er frá í 1., 2. og 3. mgr. 10. gr., svo og leggja þau fyrir hluthafafund til samþykktar.

Ákvæði 11. og 12. gr. gilda að breyttu breytanda.

Aðildarríkin geta einnig krafist þess að þessum ákvæðum verði beitt þegar eignir tilheyra hluthafa eða einhverjum öðrum einstaklingi.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um eignaöflun sem á sér stað innan ramma hefðbundinnar starfsemi félagsins, eignaöflun sem á sér stað fyrir tilstilli eða undir eftirliti handhafa framkvæmdavalds eða dómsvalds eða eignaöflun í kauphöll.

14. gr.

Hluthafa má ekki leysa undan þeirri skyldu að greiða framlag sitt að fullu, sbr. þó ákvæði sem tengjast lækkingun á skráðu hlutfé.

15. gr.

Þangað til landslög verða samræmd síðar skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kröfur séu gerðar um a.m.k. sömu verndarráðstafanir og kveðið er á í 2.–14. gr. í því tilviki að annars konar félagi sé breytt í almenningshlutfélag.

16. gr.

Ákvæði 2.–15. gr. skulu ekki hafa áhrif á lög aðildarríkjanna um valdsvið og aðferðir í tengslum við breytingar á samþykktunum eða stofnsamningi.

17. gr.

1. Engin úthlutun fjár skal fara fram til hluthafa ef verðgildi hreinna eigna samkvæmt ársreikningi félags er lægra en

fjárhæð skráðs hlutfjár að viðbættum varasjóðum, sem ekki má úthluta samkvæmt lögum eða samþykktum, á lokadegi síðasta fjárhagsárs, eða yrði lægri í kjölfar slíkrar úthlutunar, að undanskildum þeim tilvikum er skráð hlutfé er lækkað.

2. Ef óinnkallað skráð hlutfé er ekki í eignalið efnahagsreiknings skal draga þá fjárhæð frá fjárhæð skráðs hlutfjár samkvæmt 1. mgr.

3. Fjárhæð sú sem úthlutað er til hluthafa má ekki vera hærri en fjárhæð hagnaðar við lok síðasta reikningsárs að viðbættum yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum ásamt fjárhæðum sem koma úr varasjóðum, sem tiltækir eru til þessa nota, að frádregnu ójöfnuðu tapi frá fyrri árum og fjárhæðum sem lagðar eru í varasjóði samkvæmt lögum eða samþykktum.

4. Orðið „úthlutun“ í 1. og 3. mgr. felur einkum í sér greiðslu arðs og vaxta í tengslum við hlutabréf.

5. Þegar lög aðildarríkis leyfa greiðslu arðs til bráðabirgða skulu eftirfarandi skilyrði a.m.k. gilda:

a) bráðabirgðauppgjör fari fram og sýni að nægilegt fé sé til reiðu til úthlutunar,

b) fjárhæð sú sem úthluta á má ekki vera hærri en samanlagður hagnaður frá lokum síðasta reikningsárs sem ársreikningur hefur verið gerður fyrir að viðbættum yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og fjárhæðum sem koma úr varasjóðum, sem tiltækir eru til þessara nota, að frádregnu ójöfnuðu tapi frá fyrri árum og fjárhæðum sem lagðar skulu í varasjóði samkvæmt lögum eða samþykktum.

6. Ákvæði 1.–5. mgr. skulu ekki hafa áhrif á ákvæði aðildarríkjanna um hækkun á skráðu hlutfé með tilfærslu úr varasjóðum.

7. Lög aðildarríkis mega kveða á um undantekningu frá 1. mgr. ef um eru að ræða fjárfestingarfélög með fastafjármuni [áður: fast hlutfé].

Hugtakið „fjárfestingarfélag með fastafjármuni“ sem þessi málsgrein tekur til merkir aðeins félög þau:

a) sem hafa það aðeins að markmiði að fjárfesta fé sitt í ýmsum hlutum og hlutabréfum, landi eða öðrum eignum í þeim tilgangi einum að dreifa fjárfestingaráhættu og veita hluthöfum sínum ágóða af umsýslu sinni með eignir þeirra og

b) sem bjóða eigin hlutabréf til áskrifitar hjá almenningi.

Að því marki sem lög aðildarríkjanna færa sér þennan möguleika í nyt skulu þau:

a) áskilja að slík félög riti orðið „fjárfestingarfélag“ á öll skjöl sem tiltekin eru í 5. gr. tilskipunar 2009/101/EB,

b) ekki heimila slíku félagi með verðgildi hreinna eigna undir þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 1. mgr. að úthluta fé til hluthafa þegar verðgildi heildareigna félags á lokadegi síðasta reikningsárs samkvæmt ársreikningi, eða í kjölfar slíkrar úthlutunar, mundi verða minna en margfeldi einnar og hálftrar upphæðar þess fjár sem félagið skuldar lánardrottnum alls samkvæmt ársreikningnum og

c) áskilja að slíkt félag, sem gengst fyrir úthlutun þegar verðgildi hreinna eigna þess lækkar niður fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er í 1. mgr. taki slíkt fram í skýringum í ársreikningi.

18. gr.

Hluthöfum sem fengið hafa fé úthlutað er skylt að skila því ef úthlutunin brýtur í bága við 17. gr. og félagið sannar að þessir hluthafar hafi vitað um misræmið í sambandi við úthlutunina til þeirra, eða hlutu að hafa vitað um það í ljósi aðstæðna.

19. gr.

1. Hafi skráð hlutafé lækkað umtalsvert verður að kalla saman hluthafafund innan þeirra tímamarka sem lög aðildarríkjanna kveða á um til þess að álykta um það hvort slíta eigi félaginu eða gera aðrar ráðstafanir.

2. Lækkun hlutafjár sem talið er að valdi verulegum misbresti í skilningi 1. mgr. má ekki ákveða í lögum aðildarríkjanna sem tölu er sé hærrí en helmingur af skráðu hlutafé.

20. gr.

1. Félag getur ekki skráð sig fyrir eigin hlutabréfum.

2. Hafi einstaklingur skráð sig fyrir hlutabréfum í félagi í eigin nafni, en fyrir hönd félagsins, skal litið svo á að áskrifandinn hafi gert það fyrir eigin reikning.

3. Þeir einstaklingar, félög eða fyrirtæki sem um getur í i-lið 3. gr., eða þeir sem annast stjórn og framkvæmdastjórn í þeim tilvikum að hækkun hafi orðið á skráðu hlutafé, skulu vera ábyrgir fyrir greiðslu fyrir hlutabréf ef áskrift þeirra brýtur í bága við þessa grein.

Lög aðildarríkis mega þó kveða á um að hægt sé að leysa þennan einstakling undan skuldbindingum sínum ef hann sannar að hann hafi ekki sjálfur brotið af sér.

21. gr.

1. Með fyrirvara um meginregluna um jafna meðferð allra hluthafa sem hafa sömu stöðu og með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB geta aðildarríki heimilað félagi að afla eigin hlutabréfa, hvort sem það er í nafni félagsins eða fyrir milligöngu einstaklings sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins. Að því marki sem slík eignaöflun er heimil skulu aðildarríki sjá til þess að hún sé háð eftirfarandi skilyrðum:

a) á hluthafafundi skal heimild fengin sem ákvarðar skilmála og skilyrði slíkrar eignaöflunar, einkum þó hámarksfjölda hlutabréfa þeirra sem afla skal, tímabil það sem heimildin gildir, en hámarkslengd þess skal ákvarðast af landslögum, en þó ekki vera lengri en fimm ár, og hámarks- og lágmarksendurgjald þegar um er að ræða eignaöflun gegn endurgjaldi. Stjórn og framkvæmdastjórn skulu ganga úr skugga um að skilyrðum b- og c-liðar sé fullnægt á þeim tíma sem hver heimiluhð eignaöflun tekur gildi,

b) eignaöflunin, þ.m.t. á hlutabréfum sem félagið hefur áður aflað og á enn, svo og hlutabréfum sem einstaklingar sem koma fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins afla, má ekki verða til þess að lækka verðgildi hreinnar eignar niður fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er í 1. og 2. mgr. 17. gr. og

c) aðeins má nota hlutabréf, sem eru greidd að fullu, í þessum viðskiptum.

Enn fremur geta aðildarríki sett eftirfarandi skilyrði fyrir eignaöflun, í skilningi fyrsta undirliðar:

a) að nafnverð eða, ef nafnverð er ekki tiltekið, bókfært verð hlutabréfanna sem aflað er, þ.m.t. hlutabréf sem félagið hefur áður aflað og á enn, svo og hlutabréf sem einstaklingar sem koma fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins afla, megi ekki fara yfir mörk sem aðildarríkin ákvarða; þessi mörk mega ekki vera lægri en 10% af skráðu hlutfé,

b) að í samþykktum eða stofnsamningi félagsins sé mælt fyrir um heimild félagsins til að afla eigin hlutabréfa í skilningi fyrsta undirliðar, hámarksfjölda hlutabréfa sem á að afla, lengd þess tímabils sem heimildin gildir og hámarks- og lágmarksendurgjald,

c) að félagið uppfylli viðeigandi tilkynninga- og upplýsingaskyldur,

d) að gerð kunni að verða krafa, að ákvörðun aðildarríkja, um að tiltekin félög afsali sér hlutabréfum sem þau hafa aflað, að því tilskildu að fjárhæð sem er jöfn nafnvirði hlutabréfanna, sem þau afsala sér, verði sett í varasjóð sem ekki er unnt að úthluta úr til hluthafa nema lækkun verði á skráðu hlutfé; þennan varasjóð má aðeins nota í þeim tilgangi að auka skráð hlutfé með eignfærslu varasjóða og

e) að eignaöflunin hafi ekki áhrif á það að kröfur lánveitanda verði uppfylltar.

2. Lög aðildarríkis mega kveða á um undantekningar frá fyrstu setningu a-liðar 1. mgr. ef nauðsynlegt er að afla eigin hlutabréfa félags til að koma í veg fyrir alvarlegt og aðstedjandi tjón sem félagið gæti orðið fyrir. Í slíkum tilvikum skulu stjórnendur greina frá ástæðum og eðli þeirra kaupa sem voru gerð á næsta hluthafafundi, fjölda hlutabréfa og nafnverði eða, ef ekki er um nafnverð að ræða, bókfærðu verði keyptra hlutabréfa, hlutfalli af skráðu hlutfé sem þau standa fyrir og endurgjaldi fyrir þessi hlutabréf.

3. Aðildarríkin mega taka ákvörðun um að láta fyrsta málslíð a-liðar 1. mgr. ekki gilda um hlutabréf, sem annaðhvort félagið sjálft eða einstaklingur sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins aflar, til úthlutunar meðal starfsmanna

félagsins eða meðal starfsmanna tengds félags. Úthluta verður slíkum hlutabréfum innan 12 mánaða frá því þeirra er aflað.

22. gr.

1. Aðildarríkin mega taka ákvörðun um að láta 21. gr. ekki gilda um:

a) hlutabréf sem aflað er við framkvæmd ákvörðunar um að lækka hlutfé, eða við þær aðstæður sem um getur í 43. gr.,

b) hlutabréf sem aflað er vegna almennrar yfirfærslu eigna,

c) hlutabréf sem eru að fullu greidd og aflað er án þess að gjald komi fyrir eða af bönkum og öðrum fjármálastofnunum sem innkaupaþóknun,

d) hlutabréf sem aflað er á grundvelli lagaskyldu eða dómsúrskurðar til þess að vernda minnihluta hluthafa sérstaklega ef um er að ræða samruna, breytingu á tilgangi félagsins eða formi, flutningi skráðrar skrifstofu til erlends lands eða upptöku takmarkana á framsali hlutabréfa,

e) hlutabréf frá hluthafa sem stendur ekki í skilum við að greiða þau upp,

f) hlutabréf sem aflað er til að tryggja hagsmuni minnihluta hluthafa í tengdum félögum,

g) hlutabréf sem eru að fullu greidd og aflað er á grundvelli sölu sem fyrirskipuð er með dómsúrskurði til þess að greiða skuldir eiganda bréfanna við félagið,

h) hlutabréf sem eru að fullu greidd og gefin eru út af fjárfestingarfélagi með fastafjármuni eins og það er skilgreint í annarri undirgrein 7. mgr. 17. gr., og það félag eða tengt félag aflar samkvæmt ósk fjárfestingaraðila. Fellur það undir a-lið þriðju undirgreinar 7. mgr. 17. gr. Þessi öflun hlutabréfa má ekki verða til þess að lækka verðgildi hreinna eigna niður fyrir fjárhæð skráðs hlutfjár að viðbættum varasjóðum sem úthlutun úr er ólögleg.

2. Nauðsynlegt er þó að ráðstafa hlutabréfum sem aflar er í þeim tilvikum sem getið er um í b- til g-lið 1. mgr. hér að ofan, innan þriggja ára frá yfirtöku þeirra nema nafnverð eða, ef ekki er um nafnverð að ræða, bókfært verð yfirtekinna hlutabréfa, að meðtöldum hlutabréfum sem félagið kann að hafa yfirtekið fyrir milligöngu einstaklings sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, fari ekki yfir 10% af skráðu hlutfé.

3. Ef afsal hlutabréfa á sér ekki stað innan þess tíma, sem kveðið er á um í 2. mgr., er nauðsynlegt að ógilda þau. Lög aðildarríkis geta kveðið á um að ógilding þessi sé háð tilsvarandi lækkun á skráðu hlutafé. Krefjast skal slíkrar lækkunar ef öflun hlutabréfa, sem á að ógilda, gerir það að verkum að verðgildi hreinna eigna lækkar niður fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er í 1. og 2. mgr. 17. gr.

23. gr.

Hlutabréfum, sem aflað er þvert gegn 21. gr. og 22. gr., skal ráðstafað innan eins árs frá því þeirra er aflað. Sé það ekki gert innan þessa tíma skal 3. mgr. 22. gr. gilda.

24. gr.

1. Ef lög aðildarríkis heimila félagi að eignast sín eigin hlutabréf, annaðhvort það sjálft eða fyrir milligöngu einstaklings, sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, skal eignarhald þeirra ætíð vera háð eftirfarandi skilyrðum a.m.k.:

- a) meðal þeirra réttinda sem hlutabréfunum fylgja verður atkvæðisréttarins vegna eigin hlutabréfa félagsins í engu tilviki neytt,
- b) ef hlutabréfin eru tiltekin meðal eigna á efnahagsreikningi skal varasjóður af sömu fjárhæð, sem ekki er tiltæk til úthlutunar, vera færður á skuldalið.

2. Ef lög aðildarríkis heimila félagi að eignast eigin hlutabréf, hvort sem það er félagið sjálft eða einstaklingur sem kemur fram í eigin nafni og fyrir hönd félagsins, skulu þau áskilja að eftirfarandi komi a.m.k. fram í ársskýrslu:

- a) ástæður fyrir öflun hlutabréfa á reikningsárinu,
- b) fjöldi og nafnverð, eða bókfært verð ef ekki er um nafnverð að ræða, hlutabréfanna sem aflað var og ráðstafað á reikningsárinu ásamt hlutfalli af skráðu hlutafé sem þau standa fyrir,
- c) það endurgjald sem kemur fyrir hlutabréfin, ef þeirra er aflað eða þeim ráðstafað gegn gjaldi,
- d) fjöldi og nafnverð, eða bókfært verð ef ekki er um nafnverð að ræða, allra hlutabréfa sem aflað var og félagið hefur eignarhald á ásamt hlutfalli af skráðu hlutafé sem þau standa fyrir.

25. gr.

1. Þegar aðildarríki heimilar félagi, annaðhvort beint eða óbeint, að leggja fram fé, að veita lán eða að setja tryggingu, með það í huga að þriðji aðili afli hlutabréfa í því, skulu þau gera þess háttar viðskipti háð skilyrðunum sem sett eru fram í 2.–5. mgr.

2. Viðskiptin skulu fara fram á ábyrgð stjórnar eða framkvæmdastjórnar við sanngjarnar markaðsaðstæður, einkum með tilliti til vaxta sem félagið fær greidda og með tilliti til tryggingar sem lögð er fram til félagsins vegna þeirra lána og fyrirframgreiðslna sem um getur í 1. málsgrein.

Lánsfjárstaða þriðja aðila eða, þegar um er að ræða marghliða viðskipti, sérhvers aðila að viðskiptunum skal hafa verið rannsökuð til hlítar.

3. Stjórn eða framkvæmdastjórn skal leggja viðskiptin fyrir hluthafafund til fyrirframsamþykkis og skal hluthafafundurinn fara að reglum um ályktunarhæfi og meirihluta sem mælt er fyrir um í 44. gr.

Stjórn eða framkvæmdastjórn skal leggja skriflega skýrslu fyrir hluthafafundinn þar sem tilgreindar eru:

- a) ástæður fyrir viðskiptunum,
- b) hagsmunir félagsins af því að vera aðili að slíkum viðskiptum,
- c) skilyrði fyrir því að félagið gerist aðili að viðskiptunum,
- d) áhættan sem felst í viðskiptunum að því er varðar greiðsluhæfi og gjaldþol félagsins, og
- e) verðið sem þriðji aðili á að greiða fyrir hlutabréfin.

Þessa skýrslu skal leggja inn til skráningar til birtingar í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB.

4. Heildarfjárhagsaðstoð, sem þriðju aðilum er veitt, má aldrei leiða til lækkunar á hreinni eign niður fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er í 1. og 2. mgr. 17. gr., þegar jafnframt er tekið tillit til lækkunar á hreinni eign sem kann að hafa átt sér stað þegar félagið sjálft eða þriðji aðili fyrir hönd þess aflaði eigin hlutabréfa í samræmi við 1. mgr. 21. gr.

Félagið skal færa varasjóð, sem er ekki til úthlutunar, að fjárhæð sem nemur heildarfjárhagsaðstöðinni, á skuldahlið efnahagsreikningsins.

5. Ef þriðji aðili aflar, með fjárhagsaðstoð frá félagi, hluta í því félagi í skilningi 1. mgr. 21. gr. eða skráir sig fyrir hlutum sem gefnir eru út við aukningu á skráðu hlutafé, skal slík eignaðflun eða skráning fara fram á sanngjörnu verði.

6. Ákvæði 1.–5. mgr. gilda ekki um venjubundin viðskipti banka og annarra fjármálastofnana eða viðskipti sem gerð eru með það í huga að starfsmenn félagsins eða starfsmenn tengds félags afli hlutabréfa eða það sé gert fyrir þá.

Þó mega þessi viðskipti ekki hafa þau áhrif að lækka verðgildi hreinna eigna niður fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er í 1. mgr. 17. gr.

7. Ákvæði 1.–5. mgr. gilda ekki um viðskipti sem gerð eru með það í huga að afla hlutabréfa svo sem lýst er í h-lið 1. mgr. 22. gr.

26. gr.

Í tilvikum þar sem einstaklingar í stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins, sem er aðili að viðskiptum sem um getur í 1. mgr. 25. gr., eða í stjórn eða framkvæmdastjórn móðurfyrirtækis, í skilningi 1. gr. sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 2. mgr. 50. gr. sáttmálans⁽¹³⁾, eða slíkt móðurfyrirtæki sjálft eða einstaklingar, sem koma fram í eigin nafni en fyrir hönd aðila í slíkum fyrirtækjum eða fyrir hönd slíks fyrirtækis, eru mótaðilar í slíkum viðskiptum, skulu aðildarríkin gera fullnægjandi verndarráðstafanir til að tryggja að slík viðskipti stríði ekki gegn hagsmunum félagsins.

27. gr.

1. Viðtaka á eigin hlutabréfum félags í formi tryggingar, hvort sem félagið sjálft gerir það eða fyrir milligöngu einstaklings sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, skal teljast öflun hlutabréfa að því er varðar 21. gr., 1. mgr. 22. gr., 24. og 25. gr.

2. Aðildarríkin mega taka þá ákvörðun að láta 1. mgr. ekki gilda um venjubundin viðskipti banka og annarra fjármálastofnana.

⁽¹³⁾ Stjórn. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunar 83/349/EBE hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabon-sáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

28. gr.

1. Áskrift, öflun eða eign hlutabréfa í almenningshlutafélagi í skilningi 1. gr. tilskipunar 2009/101/EB, af hálfu annars félags sem almenningshlutafélag á beint eða óbeint meirihluta atkvæðisréttar í eða getur beint eða óbeint nýtt sér yfirburðarstöðu gagnvart, telst hafa komið til fyrir tilverknað almenningshlutafélagsins sjálfs.

Fyrsti undirliður gildir einnig ef hitt félagið lýtur lögum þriðja lands og hefur rekstrarform að lögum sem er sambærilegt við þau sem talin eru upp í 1. gr. tilskipunar 2009/101/EB.

Eigi almenningshlutafélagið meirihluta atkvæðisréttar óbeint eða geti það haft yfirburðarstöðu óbeint þurfa aðildarríkin ekki að beita fyrsta og öðrum undirlið kveði þau á um niðurfellingu atkvæðisréttarins sem fylgir hlutabréfunum sem hitt félagið á í almenningshlutafélaginu.

2. Ef landslög um hópa félaga eru ekki samræmd geta aðildarríki:

a) skilgreint hvenær almenningshlutafélag telst hafa yfirburðastöðu gagnvart öðru félagi; nýti aðildarríki sér þennan kost skal í öllum tilvikum kveðið á um í landslögum að hægt sé að beita yfirburðarstöðu ef almenningshlutafélag:

- hefur rétt til að skipa eða víkja brott meirihluta aðila í stjórn félags, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstofnun og er á sama tíma hluthafi eða félagsaðili í hinu félaginu, eða
- er hluthafi eða félagsaðili í hinu félaginu og ræður eitt yfir meirihluta atkvæðisréttar hluthafa sinna samkvæmt samningi við aðra hluthafa eða félagsaðila þess félags.

Aðildarríkjunum er ekki skylt að kveða á um önnur tilvik en þau sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið,

- b) skilgreint hvenær almenningshlutafélag telst hafa óbeinan atkvæðisrétt eða geta nýtt sér yfirburðarstöðu óbeint,
- c) tilgreint aðstæður þar sem almenningshlutafélag telst hafa atkvæðisrétt.

3. Aðildarríkin þurfa ekki að beita fyrstu og annarri undirgrein 1. mgr. ef áskrift, öflun eða eign hlutabréfa er til komin fyrir hönd annars aðila en þess sem skráir sig fyrir, aflar eða á hlutabréfin og hvorki er almenningshlutafélagið sem um getur í 1. mgr. né annað félag sem almenningshlutafélagið á beint eða óbeint meirihluta atkvæðisréttar í eða þar sem það getur nýtt sér yfirburðarstöðu með beinum eða óbeinum hætti.

4. Aðildarríkin þurfa ekki að beita fyrsta og öðrum undirlið 1. mgr. ef áskrift, öflun eða eign hlutabréfa er til komin fyrir tilverknað hins félagsins í krafti og í samræmi við starfsemi þess sem fagaðila á sviði verðbréfavíðskipta, að því tilskildu að það sé aðili að verðbréfaþingi staðsettu eða starfræktu í aðildarríki, eða að það sé samþykkt af eða sæti eftirliti yfirvalds í aðildarríki sem er til þess bært að hafa eftirlit með fagaðilum á sviði verðbréfavíðskipta sem, í skilningi þessarar tilskipunar, mega vera lánastofnanir.

5. Aðildarríkin þurfa ekki að beita fyrsta og öðrum undirlið 1. mgr. ef hlutabréfa, sem annað félag á í almenningshlutafélagi, var aflað áður en tengsl félaganna tveggja uppfylltu skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

Atkvæðisrétturinn sem fylgir þessum hlutabréfum fellur þó niður og tekið er tillit til hlutabréfanna þegar ákvarðað er hvort skilyrðunum sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 21. gr. er fullnægt.

6. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 2. eða 3. mgr. 22. gr. eða 23. gr. ef hlutabréfa í almenningshlutafélagi er aflað af öðru félagi með því skilyrði að þau kveði á um:

- a) að atkvæðisréttur sem fylgi hlutabréfum annars félags í almenningshlutafélagi falli niður, og

- b) að aðilum í stjórn eða framkvæmdastjórn almenningshlutafélags sé skylt að endurkaupa frá hinu félaginu hlutabréfin sem um getur í 2. og 3. mgr. 22. gr. og 23. gr. á því verði sem hitt félagið greiddi fyrir þau; þessum viðurlögum skal alltaf beitt nema þegar aðilar stjórnar eða framkvæmdastjórnar almenningshlutafélagsins sanna að félagið hafi alls engan þátt tekið í áskrift að eða öflun hlutabréfanna sem um er að ræða.

29. gr.

1. Ákvörðun um hækkun hlutafjár þarf að taka á hluthafafundi. Birta skal upplýsingar um slíka ákvörðun og hækkun á skráðu hlutafé á þann hátt sem kveðið er á um í lögum hvers aðildarríkjanna samkvæmt því sem segir í 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB.

2. Þó mega samþykktir, stofnsamningur eða hluthafafundur, með ákvörðun sem birta skal samkvæmt reglum sem kveðið er á um í 1. mgr., heimila hækkun á skráðu hlutafé allt að tiltekinni hámarksfjárhæð, sem ákveðin skal með tilhlýðilegu tilliti til hámarksfjárhæðar sem kveðið kann að vera á um í lögum. Þar sem við á skal félagið, sem hefur til þess heimild, taka ákvörðun um hækkun á skráðu hlutafé innan tiltekinnna marka. Hámarksgildistími heimildar þessarar stofnunar hvað þetta snertir skal vera fimm ár og hana má endurnýja einu sinni eða oftár á hluthafafundi, í hvert sinn til eigi lengri tíma en fimm ára.

3. Ef um er að ræða fleiri en einn flokk hlutabréfa skal ákvörðun hluthafafundar um hækkun hlutafjár, sem um getur í 1. mgr., eða heimild til hlutafjárhækkunar, sem um getur í 2. mgr., vera háð sérstakri atkvæðagreiðslu, a.m.k. að því er varðar hvern flokk hluthafa sem verða fyrir því að réttindi þeirra breytast vegna aðgerðanna.

4. Grein þessi skal gilda um útgáfu allra verðbréfa sem unnt er að breyta í hlutabréf eða fela í sér rétt til áskriftar að hlutabréfum, en ekki um breytingu á slíkum verðbréfum né notkun réttarins til áskriftar.

30. gr.

Ef um er að ræða hækkun á skráðu hlutafé skal greiða allt að 25% af nafnverði hlutabréfa sem gefin eru út gegn endurgjaldi eða, ef ekki er um nafnverð að ræða, af bókfærðu verði þeirra. Ef kveðið er á um útgáfuþóknun þarf að greiða hana að fullu.

31. gr.

1. Ef hlutabréf eru gefin út gegn endurgjaldi í öðru formi en reiðufé við hækkun á skráðu hlutafé skal endurgjaldið innt af hendi að fullu innan fimm ára frá ákvörðun um hækkun skráðs hlutafjár.

2. Fengnir skulu einn eða fleiri sérfræðingar sem eru óháðir félaginu og skipaðir eða samþykktir af hálfu stjórnvalda eða dómstóla til að gera skýrslu um endurgjaldið sem um getur í 1. mgr. áður en hlutafjárhækkun á sér stað. Slíkir sérfræðingar geta verið einstaklingar jafnt sem lögaðilar og félög eða fyrirtæki samkvæmt lögum hvers aðildarríkjanna.

Beita skal 2. og 3. mgr. 10. gr., 11. gr. og 12. gr.

3. Aðildarríki mega ákveða að beita ekki 2. mgr. þegar um er að ræða hækkun á skráðu hlutafé í þeim tilgangi að löggilda samruna, skiptingar eða almennt útboð um kaup eða skipti á hlutabréfum og að greiða hluthöfum félagsins, sem verið er að yfirtaka eða skipta, eða sem hið almenna útboð snýst um, fyrir kaupin eða skiptin á hlutabréfunum.

Þegar um er að ræða samruna eða skiptingu, skulu aðildarríki samt sem áður einungis beita fyrsta undirlið þegar skýrsla eins eða fleiri óháðra sérfræðinga um samrunaáætlun eða skiptingaráætlun er tekin saman.

Þegar aðildarríki ákveða að beita 2. mgr., þegar um samruna eða skiptingu er að ræða, geta þau kveðið á um að sami sérfræðingur eða sérfræðingar taki saman skýrsluna samkvæmt þessari grein og skýrslu eins eða fleiri óháðra sérfræðinga um áætlun um samruna eða skiptingu.

4. Aðildarríki mega ákveða að láta 2. mgr. ekki gilda ef öll hlutabréf sem gefin eru út við hækkun skráðs hlutafjár eru gefin út gegn endurgjaldi í öðru formi en reiðufé til eins eða fleiri félaga, með því skilyrði að allir hluthafar félagsins sem taka við endurgjaldi hafi komið sér saman um að láta ekki vinna skýrslu sérfræðinga og kröfur b- til f-liðar 4. mgr. 10. gr. séu uppfylltar.

32. gr.

Fáist ekki áskrift fyrir allri hlutafjárhækkuninni eykst hlutafé um þá fjárhæð sem nemur mótteknu skráðu hlutafé einungis þegar skilyrði um útgáfu kveða á um slíkt.

33. gr.

1. Hvenær sem hlutafé er hækkað með endurgjaldi í reiðufé skal bjóða hluthöfum forkaupsrétt að hlutabréfum í réttu hlutfalli við hlutafé það sem að baki hlutabréfum þeirra stendur.

2. Lög aðildarríkis:

a) þurfa ekki að fara eftir 1. mgr. um hlutabréf ef hlutabréfum, sem um ræðir, fylgir takmarkaður réttur til úthlutunar í skilningi 17. gr. og/eða til eigna félagsins við gjaldþrotaskipti, eða

b) mega því aðeins heimila hluthöfum annarra flokka hlutabréfa að nýta forkaupsrétt sinn að hluthafar þess flokks sem verið er að gefa út ný hlutabréf í hafi nýtt sér sinn forkaupsrétt, í því tilviki að skráð hlutafé fyrirtækis, sem hefur fleiri en einn flokk hlutabréfa með mismunandi rétt ellegar þátttöku í úthlutun í skilningi 17. gr. eða eignum við gjaldþrotaskipti er hækkað með því að gefa út ný hlutabréf í einum þessara flokka.

3. Tilboð um áskrift með forkaupsrétti og tímamörk þau sem sett eru um rétt til að nýta hann skal birta í lögbirtingablaði því sem tilgreint er samkvæmt tilskipun 2009/101/EB. Þó þurfa lög aðildarríkis ekki að kveða á um slíka birtingu ef öll hlutabréf félagsins eru skráð. Í þeim tilvikum skal tilkynna öllum hluthöfum félagsins það skriflega. Nýta þarf forkaupsrétt innan tímamarka sem ekki skulu vera styttri en 14 dagar frá birtingardegi tilboðsins eða frá sendingardegi bréfanna til hluthafanna.

4. Ekki má takmarka forkaupsrétt né fella hann niður í samþykktum eða stofnsamningi félags. Þó má framkvæma slíkt samkvæmt ákvörðun hluthafafundar. Stjórnendum ber skylda til að leggja skriflega skýrslu fyrir slíkan fund um ástæður takmarkana og niðurfellingar forkaupsréttar ásamt því að rökstyðja tillögur um útgáfuverð. Hluthafafundurinn skal fara að reglum um ályktunarhæfi og meirihluta samkvæmt 44. gr. Ákvörðun hans skal birta á þann hátt sem lög aðildarríkis ákveða í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB.

5. Lög aðildarríkis mega kveða á um að samþykktir, stofnsamningur eða hluthafafundur, í samræmi við reglur um ályktunarhæfi, meirihluta og birtingu samkvæmt 4. mgr., geti heimilað takmörkun eða afturköllun á forkaupsrétti og falið það vald þeirri stofnun félagsins sem hefur heimild til að taka ákvörðun um að hækka hlutfé innan takmarka þeirra sem gilda um samþykkt hlutfé. Ekki má veita slíka heimild til lengri tíma en kveðið er á um í 2. mgr. 29. gr.

6. Ákvæði 1.–5. mgr. gilda um útgáfu allra verðbréfa sem unnt er að breyta í hlutabréf eða fela í sér rétt til áskriftar að hlutabréfum en ekki breytingu á slíkum verðbréfum né notkun réttarins til áskriftar.

7. Í samræmi við ákvörðun um að hækka hlutfé er forkaupsréttur ekki útilokaður þrátt fyrir 4. og 5. mgr. Þegar hlutabréf eru útgefin til banka eða annarra fjármálastofnana með það í huga að bjóða þau hluthöfum félagsins samkvæmt 1. og 3. mgr.

34. gr.

Óheimilt er að lækka skráð hlutfé, að undanskilinni lækkun samkvæmt dómsúrskurði, án samþykkis hluthafafundar, í samræmi við reglur um ályktunarhæfi og meirihluta samkvæmt 44. gr. og án þess að brjóta í bága við 40. og 41. gr. Ákvörðun hans skal birta á þann hátt sem lög aðildarríkis ákveða í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB.

Í fundarboði þarf a.m.k. að greina frá ástæðum lækkunarinnar og hvernig hún á að fara fram.

35. gr.

Ef um er að ræða fleiri en einn flokk hlutabréfa skal ákvörðun á hluthafafundi um lækkun á skráðu hlutfé vera háð sérstakri atkvæðagreiðslu, a.m.k. að því er varðar hvern flokk hluthafa sem verður fyrir því að réttindi þeirra breytast vegna aðgerðanna.

36. gr.

1. Ef um er að ræða lækkun á skráðu hlutfé, skulu a.m.k. lánveitendur þeir sem eiga kröfur frá því fyrir birtingu ákvörðunarinnar um lækkunina, eiga rétt á að fá a.m.k. tryggingu fyrir kröfum sem hafa ekki fallið í gjalddaga á þeim birtingardegi. Aðildarríkin mega ekki sniðganga þennan rétt nema lánveitandinn hafi gert fullnægjandi verndarráðstafanir eða slíkar verndarráðstafanir séu ónaðsynlegar með tilliti til eigna félagsins.

Aðildarríkin skulu fastsetja skilyrði fyrir nýtingu þess réttar sem kveðið er á um í fyrsta undirliði. Aðildarríkin skulu í öllum tilvikum tryggja að lánveitendur hafi heimild til að fara þess á leit við viðeigandi stjórnarsýslu- eða dómsmálafyrirvald að það geri fullnægjandi verndarráðstafanir, að því tilskildu að þeir geti með trúverðugum hætti sýnt fram á að kröfur þeirra séu í hættu vegna lækkunar á hlutfé sem þeir hafa skráð sig fyrir og fullnægjandi verndarráðstafanir hafi ekki verið gerðar hjá félaginu.

2. Lög aðildarríkjanna skulu a.m.k. einnig hafa að geyma ákvæði um að lækkunin skuli ógild eða að ekkert endurgjald megi koma til í þágu hluthafa fyrr en lánveitendum hafi verið greitt eða dómstóll hefur ákveðið að ekki skuli fallist á kröfur þeirra.

3. Grein þessi gildir ef lækkun skráðs hlutfjár kemur til vegna þess að endurgjald eftirstöðva af framlagi hluthafa er gefin eftir að fullu eða hluta.

37. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt að beita ekki 36. gr. ef tilgangur lækkunar á skráðu hlutfé er að jafna tap eða leggja fjárhæðir í varasjóð með þeim fyrirvara að eftir þá aðgerðir sé varasjóðsfjárhæð ekki hærri en 10% af lækkuðu skráðu hlutfé. Ekki má úthluta úr sjóði þessum til hluthafa nema skráð hlutfé sé lækkað; aðeins má nota hann til að jafna orðið tap eða hækka skráð hlutfé með tilfærslu úr slíkum varasjóði, að svo miklu leyti sem aðildarríkin heimila slíkar aðgerðir.

2. Í þeim tilvikum sem um getur 1. mgr. þurfa lög aðildarríkjanna a.m.k. að kveða á um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki megi nota fé það sem fæst með lækkun á skráðu hlutfé til þess að standa straum af endurgjaldi eða úthlutunum til hluthafa eða að leysa hluthafa frá skuldbindingum sínum.

38. gr.

Ekki má lækka skráð hlutfé niður fyrir fjárhæð sem er lægri en það lágmarkshlutfé sem kveðið er á um í 6. gr.

Þó geta aðildarríkin heimilað slíka lækkun ef þau kveða einnig á um að ákvörðunin um að lækka skráð hlutfé öðlist aðeins gildi þegar skráð hlutfé er hækkað allt að þeirri fjárhæð sem er a.m.k. jafnhá tiltekinni lágmarksfjárhæð.

39. gr.

Ef lög aðildarríkis heimila innlaun skráðs hlutfjár að hluta eða að fullu án þess að hið síðarnefnda lækki skulu þau a.m.k. áskilja að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- a) ef samþykktir eða stofnsamningur kveða á um innlaun skal hún ákveðin með atkvæðagreiðslu á hluthafafundi sem fullnægir a.m.k. skilyrðum um ályktunarhæfi og meirihluta; ef samþykktir eða stofnsamningur kveða ekki á um innlaun skal ákveða hana á hluthafafundi sem fullnægir a.m.k. skilyrðum um ályktunarhæfi og meirihluta samkvæmt 44. gr.; birta þarf ákvörðunina á þann hátt sem ákveðið er í lögum hvers aðildarríkis, samkvæmt 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB,
- b) aðeins má nota til innlausnar fjármagn sem er tiltækt til úthlutunar í skilningi 1.–4. mgr. 17. gr.,
- c) hluthafar sem innleysa hlutabréf sín skulu halda réttindum sínum í félaginu að undanteknum réttindum til endurgreiðslu fjárfestinga sinna og hlutdeild í fyrstu úthlutun árs af óinnlestum hlutabréfum.

40. gr.

1. Ef lög aðildarríkis heimila félögum að lækka skráð hlutfé sitt með skyldubundinni innköllun hlutabréfa skulu þau áskilja að eftirfarandi skilyrðum sé a.m.k. fullnægt:

- a) samþykktir félags eða stofnsamningur skulu mæla fyrir um skyldubundna innköllun áður en áskrift að hlutabréfum þeim sem innkalla á fer fram,
- b) þar sem skyldubundin innköllun er aðeins heimilud í samþykktum eða stofnsamningi skal hún ákveðin á hluthafafundi nema hún hafi verið ákveðin samhljóða af hluthöfum þeim sem hlut eiga að máli,

- c) sú stofnun félagsins sem tekur ákvarðanir um skyldubundna innköllun skal ákveða skilmála og aðferðir þær sem nota skal, mæli samþykktir eða stofnsamningur félagsins ekki fyrir um það,
- d) ákvæði 36. gr. gilda nema í því tilviki að hlutabréf séu að fullu greidd og félag eigi kost á þeim án endurgjalds eða þau eru afturkölluð með því að nota fjármagn sem tiltækt er til úthlutunar samkvæmt 1.–4. mgr. 17. gr.; í þeim tilvikum skal fjárhæð sem er jafnhá nafnverði, eða ef ekki er um slíkt að ræða, bókfærðu verði allra innleysta hlutabréfa vera fyrir hendi í varasjóði; ekki má úthluta hluthöfum úr þessum varasjóði nema skráð hlutfé sé lækkað; aðeins má nota hann til að jafna orðið tap eða til að hækka skráð hlutfé með tilfærslu úr slíkum varasjóði að svo miklu leyti sem aðildarríkin heimila slíka aðgerð, og
- e) ákvörðun um skyldubundna innköllun skal birta á þann hátt sem kveðið er á um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB.

2. Ákvæði 1. mgr. 34. gr., svo og 35., 37. og 44. gr., gilda ekki í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

41. gr.

1. Verði lækkan á skráðu hlutfé við innköllun hlutabréfa sem félagið hefur sjálft eignast eða einstaklingur sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins verður hluthafafundur ætíð að samþykkja innköllunina.

2. Ákvæði 36. gr. gilda nema hlutabréf séu að fullu greidd og fengin án endurgjalds eða með því að nota fjármagn sem tiltækt er til úthlutunar í samræmi við 1.–4. mgr. 17. gr.; í slíkum tilvikum þarf að leggja í varasjóð fjárhæð sem er jafnhá öllum innkölluðum hlutabréfum að nafnverði, eða bókfærðu verði ef ekki er um nafnverð að ræða. Ekki má úthluta hluthöfum úr þessum varasjóði nema skráð hlutfé sé lækkað. Aðeins má nota hann til að jafna orðið tap eða hækka skráð hlutfé með tilfærslu úr slíkum varasjóði, að svo miklu leyti sem aðildarríkin heimila slíka aðgerð.

3. Ákvæði 35., 37. og 44. gr. gilda ekki í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

42. gr.

Í þeim tilvikum, sem greint er frá í 39. gr., b-lið 1. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 41. gr., þegar um fleiri en einn flokk hlutabréfa er að ræða, skal ákvörðun hluthafafundar um innlausn skráðs hlutafjár eða lækkun þess með því að innkalla hlutabréf vera háð sérstakri atkvæðagreiðslu, a.m.k. að því er varðar hvern flokk hluthafa sem verða fyrir því að réttindi þeirra breytast vegna aðgerðanna.

43. gr.

Heimili lög aðildarríkis félögum að gefa út innleysanleg hlutabréf skulu þau áskilja að a.m.k. eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt ef slík hlutabréf eru innleyst:

- a) innlausn skal vera heimilud samkvæmt samþykktum félagsins eða stofnsamningi þess áður en innleysanleg hlutabréf fara í áskrift,
- b) hlutabréfin verða að vera greidd að fullu,
- c) kveðið skal á um skilmála og innlausnaraðferð í samþykktum eða stofnsamningi félagsins,
- d) aðeins er unnt að láta innlausn fara fram með því að nýta fjármagn sem tiltækt er til úthlutunar í samræmi við 1.–4. mgr. 17. gr. eða tekjur af nýrri útgáfu sem gengist er fyrir með framkvæmd slíkrar innlausnar í huga,
- e) fjárhæð sem er jafnhá nafnverði, eða ef ekki er um slíkt að ræða, bókfærðu verði allra innleystra hlutabréfa verður að vera fyrir hendi í varasjóði sem ekki er unnt að úthluta til hluthafa nema um lækkun skráðs hlutafjár sé að ræða; aðeins má nota hana í þeim tilgangi að hækka skráð hlutafé með tilfærslu úr varasjóði,
- f) e-liður gildir ekki um innlausn þar sem notaðar eru tekjur af nýrri útgáfu sem gengist er fyrir með framkvæmd slíkrar innlausnar í huga,
- g) þar sem kveðið er á um greiðslu þóknunar til hluthafa vegna innlausnar má aðeins greiða þóknunina af fé sem er tiltækt til úthlutunar í samræmi við 1.–4. mgr. 17. gr., eða úr öðrum varasjóðum en vísað er til í e-lið þessarar greinar sem ekki má úthluta til hluthafa nema í því tilviki að skráð

hlutafé sé lækkað; aðeins má sækja í þessa varasjóði í þeim tilgangi að hækka skráð hlutafé með tilfærslu úr varasjóði eða til þess að standa straum af kostnaði sem greint er frá í j-lið 3. gr. eða kostnaðinum við að gefa út hlutabréf eða skuldabréf eða til að greiða þóknun til handhafa innleysanlegra hlutabréfa eða skuldabréfa,

- h) tilkynningu um innlausn skal birta á þann hátt sem lög hvers aðildarríkjanna kveða á um í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB.

44. gr.

Lög aðildarríkjanna skulu kveða á um að samþykkja skuli ákvarðanir þær, sem greint er frá í 4. og 5. mgr. 33. gr., svo og 34., 35., 39. og 42. gr., með a.m.k. tveimur þriðju hluta þeirra atkvæða sem standa að baki verðbréfa eða skráðu hlutafé sem farið er með atkvæði fyrir.

Lög aðildarríkjanna mega þó kveða á um að einfaldur meirihluti atkvæða svo sem tilgreint er í 1. mgr. sé nægilegur þegar farið er með atkvæði fyrir a.m.k. helming skráðs hlutafjár.

45. gr.

1. Aðildarríkin mega gera undanþágu frá 1. mgr. 9. gr., fyrsta málslið a-liðar í 1. mgr. 21. gr. og 29., 30. og 33. gr. að svo miklu leyti sem slíkar undanþágur eru nauðsynlegar fyrir samþykkt eða beitingu ákvæða sem ætlað er að hvetja til þátttöku starfsmanna, eða annarra hópa einstaklinga sem skilgreindir eru í landslögum, í hlutafé fyrirtækja.

2. Aðildarríki mega ákveða að beita ekki fyrsta málslið a-liðar 1. mgr. 21. gr., svo og 34., 35., 40., 41., 42. og 43. gr. um félög sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum og gefa út fjármagnshlutabréf og starfsmannahlutabréf, hin síðarnefndu til starfsmanna félagsins sem heildar, er hafa sína fulltrúa með atkvæðisrétti á hluthafafundi.

46. gr.

Við framkvæmd þessarar tilskipunar ber aðildarríkjunum að tryggja með lögum jöfn kjör allra hluthafa sem sitja við sama borð.

47. gr.

1. Aðildarríkin mega ákveða að beita ekki g-, i-, j-, og k-lið 3. gr. um félög sem þegar hafa verið stofnuð á gildistökudegi laga og stjórnslufyrirmæla sem samþykkt voru til að fara að tilskipun 77/91/EBE.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

48. gr.

Tilskipun 77/91/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum sem tilgreindar eru í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að leiða í landslög tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka og beita þeim.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær túlkaðar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

49. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

50. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. október 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

A. D. MAVROYIANNIS

*I. VIÐAUKI***GERÐIR FÉLAGA SEM UM GETUR Í FYRSTU UNDIRGREIN 1. MGR. 1. GR.**

- í Belgíu:
la société anonyme / de naamloze vennootschap;
- í Búlgaríu:
акционерно дружество;
- í Lýðveldinu Tékklandi:
akciová společnost;
- í Danmörku:
aktieselskabet;
- í Þýskalandi:
die Aktiengesellschaft;
- í Eistlandi:
aktsiaselts;
- á Írlandi:
the public company limited by shares,
public company limited by guarantee and having a share capital;
- í Grikklandi:
ανώνυμη εταιρία;
- á Spáni:
sociedad anónima;
- í Frakklandi:
la société anonyme;
- á Ítalíu:
la società per azioni;
- á Kýpur:
δημόσιες εταιρείες περιορισμένης ευθύνης με μετοχές, δημόσιες εταιρείες περιορισμένης ευθύνης με εγγύηση που διαθέτουν μετοχικό κεφάλαιο;
- í Lettlandi:
akciju sabiedrība;
- í Litháen:
akcinė bendrovė;
- í Lúxemborg:
la société anonyme;

- í Ungverjalandi:
nyilvánosan működő részvénytársaság;
 - á Möltu:
kumpanija pubblika/public limited liability company;
 - í Hollandi:
de naamloze vennootschap;
 - í Austurríki:
die Aktiengesellschaft;
 - í Póllandi:
spółka akcyjna;
 - í Portúgal:
la sociedade anónima;
 - í Rúmeníu:
societate pe acțiuni;
 - í Slóveníu:
delniška družba;
 - í Slóvakíu:
akciová spoločnosť;
 - í Finnlandi:
julkinen osakeyhtiö/publikt aktiebolag;
 - í Svíþjóð:
aktiebolaget;
 - í Breska konungsríkinu:
the public company limited by shares,
the public company limited by guarantee and having a share capital.
-

*II. VIÐAUKI***A-HLUTI***Niðurfelld tilskipun með síðari breytingum**(sem um getur í 48. gr.)*

Tilskipun ráðsins 77/91/EBE
(Stjtið. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1)

C-liður III. liðar í I. viðauka við lögum um aðild frá 1979
(Stjtið. EB L 291, 19.11.1979, bls. 89)

I. viðauki laganna um aðild frá 1985
(Stjtið. EB L 302, 15.11.1985, bls. 157)

Tilskipun ráðsins 92/101/EBE
(Stjtið. EB L 347, 28.11.1992, bls. 64)

A-liður XI. liðar í I. viðauka við lögum um aðild frá 1994
(Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 194)

A-liður 4. liðar í II. viðauka við lögum um aðild frá 2003
(Stjtið. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 338)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/68/EB
(Stjtið. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 32)

Tilskipun ráðsins 2006/99/EB
(Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 137)

eingöngu 2. mgr. A-liðar í viðaukanum

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB
(Stjtið. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 14)

eingöngu 1. gr.

B-HLUTI*Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum**(sem um getur í 48. gr.)*

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
77/91/EBE	17. desember 1978	—
92/101/EBE	31. desember 1993	1. janúar 1995
2006/68/EB	15. apríl 2008	—
2006/99/EB	1. janúar 2007	—
2009/109/EB	30. júní 2011	—

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 77/91/EBE	Þessi tilskipun
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 1. gr.
Fyrsti til 27. undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.	I. viðauki
Önnur undirgrein 1. mgr. 1. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
Inngangsorð 2. gr.	Inngangsorð 2. gr.
a-liður 2. gr.	a-liður 2. gr.
b-liður 2. gr.	b-liður 2. gr.
Fyrsti undirliður c-liðar 2. gr.	c-liður 2. gr.
Annar undirliður c-liðar 2. gr.	d-liður 2. gr.
d-liður 2. gr.	e-liður 2. gr.
e-liður 2. gr.	f-liður 2. gr.
Ákvæði 3.–5. gr.	Ákvæði 3.–5. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 6. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr.	—
2. mgr. 6. gr.	—
3. mgr. 6. gr.	2. mgr. 6. gr.
7. gr.	7. gr.
1. mgr. 8. gr.	Fyrsta málsgrein 8. gr.
2. mgr. 8. gr.	Önnur málsgrein 8. gr.
1. mgr. 9. gr.	Fyrsta málsgrein 9. gr.
2. mgr. 9. gr.	Önnur málsgrein 9. gr.
10. gr.	10. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 10. gr. a	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 11. gr.
Fyrsti málslíður annarrar undirgreinar 1. mgr. 10. gr. a	Önnur undirgrein 1. mgr. 11. gr.
Annar málslíður annarrar undirgreinar 1. mgr. 10. gr. a	Þriðja undirgrein 1. mgr. 11. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 10. gr. a	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 11. gr.
Fyrsti málslíður annarrar undirgreinar 2. mgr. 10. gr. a	Önnur undirgrein 2. mgr. 11. gr.

Tilskipun 77/91/EEB	Þessi tilskipun
Annar málslíður annarrar undirgreinar 2. mgr. 10. gr. a	Þriðja undirgrein 2. mgr. 11. gr.
Fyrsti málslíður þriðju undirgreinar 2. mgr. 10. gr. a	Fjórða undirgrein 2. mgr. 11. gr.
Annar málslíður þriðju undirgreinar 2. mgr. 10. gr. a	Fimmta undirgrein 2. mgr. 11. gr.
3. mgr. 10. gr. a	3. mgr. 11. gr.
10. gr. b	12. gr.
Fyrsti málslíður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 11. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 13. gr.
Annar málslíður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 11. gr.	Annar undirliður 1. mgr. 13. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 11. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 13. gr.
2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 13. gr.
12. gr.	14. gr.
13. gr.	15. gr.
14. gr.	16. gr.
a-liður 1. mgr. 15. gr.	1. mgr. 17. gr.
b-liður 1. mgr. 15. gr.	2. mgr. 17. gr.
c-liður 1. mgr. 15. gr.	3. mgr. 17. gr.
d-liður 1. mgr. 15. gr.	4. mgr. 17. gr.
2. mgr. 15. gr.	5. mgr. 17. gr.
3. mgr. 15. gr.	6. mgr. 17. gr.
Fyrsta undirgrein 4. mgr. 15. gr.	Fyrsta undirgrein 7. mgr. 17. gr.
Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar 4. mgr. 15. gr.	a-liður annarrar undirgreinar 7. mgr. 17. gr.
Annar undirliður annarrar undirgreinar 4. mgr. 15. gr.	b-liður annarrar undirgreinar 7. mgr. 17. gr.
Þriðja undirgrein 4. mgr. 15. gr.	Þriðja undirgrein 7. mgr. 17. gr.
16. gr.	18. gr.
17. gr.	19. gr.
18. gr.	20. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 19. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 21. gr.
i- til v-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 19. gr.	a- til e-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 21. gr.
2. og 3. mgr. 19. gr.	2. og 3. mgr. 21. gr.

Tilskipun 77/91/EBE	Þessi tilskipun
20. gr.	22. gr.
21. gr.	23. gr.
22. gr.	24. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 23. gr.	1. mgr. 25. gr.
Fyrsti málslíður annarrar undirgreinar 1. mgr. 23. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 25. gr.
Annar málslíður annarrar undirgreinar 1. mgr. 23. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 25. gr.
Fyrsti málslíður þriðju undirgreinar 1. mgr. 23. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 25. gr.
Fyrsti hluti annars málslíðar þriðju undirgreinar 1. mgr. 23. gr.	Inngangsorð annarrar undirgreinar 3. mgr. 25. gr.
Annar hluti annars málslíðar þriðju undirgreinar 1. mgr. 23. gr.	a- til e-liður annarrar undirgreinar 3. mgr. 25. gr.
Þriðji málslíður þriðju undirgreinar 1. mgr. 23. gr.	Þriðja undirgrein 3. mgr. 25. gr.
Fyrsti málslíður fjórðu undirgreinar 1. mgr. 23. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 25. gr.
Annar málslíður fjórðu undirgreinar 1. mgr. 23. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 25. gr.
Fimmta undirgrein 1. mgr. 23. gr.	5. mgr. 25. gr.
Fyrsti málslíður 2. mgr. 23. gr.	Fyrsta undirgrein 6. mgr. 25. gr.
Annar málslíður 2. mgr. 23. gr.	Önnur undirgrein 6. mgr. 25. gr.
3. mgr. 23. gr.	7. mgr. 25. gr.
23. gr. a	26. gr.
24. gr.	27. gr.
a-liður 1. mgr. 24. gr. a	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 28. gr.
b-liður 1. mgr. 24. gr. a	Önnur undirgrein 1. mgr. 28. gr.
2. mgr. 24. gr. a	Þriðja undirgrein 1. mgr. 28. gr.
3. mgr. 24. gr. a	2. mgr. 28. gr.
a-liður 4. mgr. 24. gr. a	3. mgr. 28. gr.
b-liður 4. mgr. 24. gr. a	4. mgr. 28. gr.
5. mgr. 24. gr. a	5. mgr. 28. gr.
6. mgr. 24. gr. a	6. mgr. 28. gr.
25. gr.	29. gr.
26. gr.	30. gr.

Tilskipun 77/91/EBE	Þessi tilskipun
27. gr.	31. gr.
28. gr.	32. gr.
29. gr.	33. gr.
30. gr.	34. gr.
31. gr.	35. gr.
32. gr.	36. gr.
33. gr.	37. gr.
Fyrsti málslíður 34. gr.	Fyrsta málsgrein 38. gr.
Annar málslíður 34. gr.	Önnur málsgrein 38. gr.
35. gr.	39. gr.
36. gr.	40. gr.
37. gr.	41. gr.
38. gr.	42. gr.
39. gr.	43. gr.
1. mgr. 40. gr.	Fyrsta málsgrein 44. gr.
2. mgr. 40. gr.	Önnur málsgrein 44. gr.
41. gr.	45. gr.
42. gr.	46. gr.
1. mgr. 43. gr.	—
Fyrsti undirlíður 2. mgr. 43. gr.	1. mgr. 47. gr.
Önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 43. gr.	—
3. mgr. 43. gr.	2. mgr. 47. gr.
—	48. gr.
—	49. gr.
44. gr.	50. gr.
—	II. viðauki
—	III. VIÐAUKI